

Fréttatilkynning Opín Kerfi Group hf - 28.ágúst 2008
Ársreikningur 1.janúar -30.júní 2008

Stjórn Opín Kerfi Group hefur gengið frá ársreikningi félagsins fyrir tímabilið 1.janúar – 30.júní 2008 og hefur hann fengið fyrirvaralausá könnunaráritun löggiltra endurskoðenda þess. Árs hlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaða IFRS.

	2008	2007	2006	2005	2004
	1.1.-30.6	1.1.-30.6	1.1.-30.6	1.1.-30.6	1.1.-30.6
Rekstur:					
Rekstrartekjur	4.806	6.251	6.452	5.635	7.497
Rekstrargjöld án afskrifta	(4.619)	(6.120)	(6.309)	(5.458)	(7.127)
EBITDA	187	131	143	177	370
Afskriftir og niðurfærsla	(80)	(31)	(42)	(39)	(129)
EBIT	107	100	101	138	241
Fjármunatekjur (gjöld)	229	(41)	(50)	(30)	(121)
Afkoma fyrir tekjuskatt	336	59	51	108	120
Tekjuskattur	(18)	(8)	(5)	(22)	(19)
Hagnaður (tap) ársins	318	51	46	86	101
	30.6.2008	30.6.2007	30.6.2006	30.6.2005	30.6.2004
Efnahagur:					
Fastafjármunir	2.553	2.453	2.758	2.218	4.294
Veltufjármunir	2.391	2.659	2.890	2.378	3.243
Eignir alls	4.944	5.112	5.648	4.596	7.537
Eigið fé	2.480	1.712	1.750	1.383	2.489
Langtímaskuldir	276	914	1.281	925	1.642
Skammtímaskuldir	2.188	2.486	2.617	2.288	3.406
Eigið fé og skuldir alls	4.944	5.112	5.648	4.596	7.537
Sjóðstreymi:					
Handbært fé (til) frá rekstri	740	130	26	(108)	293
Kennitölur:					
Veltufjárhlutfall	1,09	0,98	1,10	1,04	0,95
Eiginfjárhlutfall	50,2%	33,5%	31,0%	30,1%	33,0%
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli	25,6%	5,8%	6,3%	12,3%	8,1%

Opín Kerfi Group hf

Heildar rekstrartekjur Opín Kerfi Group á fyrri helmingi ársins 2008 var 4.805 milljónir króna, samanborið við 6.251 milljónir króna fyrir sama tímabil árið. Allar tekjur félagsins eiga nú uppruna sinn í erlendri starfsemi félagsins en árinu áður var það hlutfall í kringum 75%. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var jákvæð um 186 milljónir króna samanborið við 131 milljónir í hagnað árið áður. Forráðamenn félagsins gera ráð fyrir að rekstur félagsins verði töluvert betri á yfirstandandi ári en á árinu 2007.

Hagnaður samstæðunnar eftir skatta og óreglulega starfssemi var 318 milljónir króna á tímabilinu en var á fyrra ári fyrir sama tímabil 59 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall félagsins er 50,2% og arðsemi eigin fjár 11,87% sem er hærra en á fyrra ári. Fjöldi starfsmanna var á tímabilinu um 348.

Dótturfélög

Opin Kerfi Group hf samanstendur í dag af móðurfélaginu og tveimur rekstrarfélögum sem eru Kerfi AB í Svíþjóð og Kerfi A/S í Danmörku.

Kerfi AB

Rekstrartekjur Kerfi AB í sænskum krónum talin fyrir fyrstu 6md ársins eru 324mkr í stað 339m fyrir sama tímabil á árinu 2007. EBIDTA hækkaði verulega milli ára eða úr 5,5 SEK í 23,7m SEK fyrir sama tímabil. Endurskipulagning félagsins hófst með ráðningu nýs forstjóra í lok árs 2007 sem hefur skilað sér í lægri rekstrarkostnaði og auknum hagnaði.

Horfur í Svíþjóð eru að tekjurnar muni aukast eitthvað á árinu og áfram er unnið að lækkun kostnaðar og endurskipulagningar í rekstri. Horfur er á að afkoman verði mun betri í ár en á því síðasta.

Forstjóri í Kerfi AB er Harri Kahkonen.

Kerfi A/S

Velta Kerfi A/S hefur lækkað milli ára og er nú í dönskum krónum talið 66,9 milljónir króna en var á sama tímabili í fyrra 99,6 milljónir. EBITDA er neikvæð um 6 m dkk en var á sama tímabili í fyrra neikvæð um 1m dkk. Miklar breytingar hafa verið hjá fyrirtækinu það sem af er ársins en í febrúar tók nýr forstjóri til starfa og hefur hann unnið að stefnumótun og endurskipulagningu á fyrirtækinu síðan. Sér nú fyrir endan á þeirri endurskipulagningu sem gert er ráð fyrir að skili sér í betri rekstrarniðurstöðu á næstu mánuðum.

Forstjóri Kerfi A/S ráðinn 1.febrúar 2008, er Steen Louis Reinholdt

Í stjórn Opin Kerfi Group hf sitja Þórdís Sigurðardóttir formaður, Sigríður Olgeirsdóttir og Soffía Lárusdóttir. Elín Þórðardóttir er forstjóri Opin Kerfi Group hf (elintho@simnet.is) og veitir hún nánari upplýsingar í síma 898 6319